



Menntaskólinn í Reykjavík

Kennsluáætlun: STÆR3EE06L og STÆR4EE07Ó veturinn 2019-2020.

Kennarar: Sóley Benediktsdóttir og Yngvi Pétursson.

Kennslugögn: Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar og Stærðfræði handa 6. bekk náttúrufræðibrautar

Bekkir: 6.M og 6.S.

Lýsing:

Óeiginleg markgildi, aðfellur, ferilteikningar, hagnýting diffrunar. Stofnföll og bogaföll, óákveðin og ákveðin tegur og hagnýting tegurreiknings. Þrepun, runur og raðir. Talningarfræði. Líkindareikningur. Diffurjöfnur.

Markmið í yfirferð – birt með fyrirvara

Hautmisseri:

- Vikur 1-2: Óeiginleg markgildi og aðfellur (kafla 4.1 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar)
- Vikur 3-6: Útgildi, hallabil, varpmengi og hagnýting diffrunar (kaflar 4.2-4.3 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar).
- Vikur 7-11: Stofnföll, lograr, óeiginleg markgildi og arkarföll (kafla 5 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar).
- Vikur 12-15: Tegrun og ákveðin tegur og flatarmál (kaflar 1 og 2 í Stærðfræði handa 6. bekk náttúrufræðibrautar).

Vormisseri:

- Vika 1-5: Flatarmál, rúmmál snúðs og fleira, þrepun, runur og raðir (kaflar 3 og 4 í Stærðfræði handa 6. bekk náttúrufræðibrautar).
- Vika 6-9: Talningarfræði (kafla 5 í Stærðfræði handa 6. bekk náttúrufræðibrautar).
- Vika 10-12: Líkindareikningur (kafla 6 í Stærðfræði handa 6. bekk náttúrufræðibrautar).
- Vikur 13-14: Diffurjöfnur (kafla 8 Stærðfræði handa 6. bekk náttúrufræðibrautar).

Námsmat

Námsmat í þessum áfanga byggist á reglubundnum skriflegum æfingum (um 6 á hvoru misseri), reglubundnum heimadæmum (um 6 á hvoru misseri), frammistöðu nemandans í tímum og vinnubrögðum við heimanám og skriflegum og munnlegum misserisprófum.



Menntaskólinn í Reykjavík

- **Námseinkunnir:**

- **Lesin stærðfræði** (stærðfræði I):

- Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í lesinni stærðfræði á haustmisseri 1/6.
 - Jólapróf 1/6.
 - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í lesinni stærðfræði á vormisseri 1/3.
 - Mat kennara á frammistöðu nemandans í tímum, munnlegri framsetningu stærðfræðinnar og fræðilegri yfirsýn 1/3.

- **Ólesin stærðfræði** (stærðfræði II):

- Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í ólesinni stærðfræði á haustmisseri 1/6.
 - Jólapróf 1/6.
 - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í ólesinni stærðfræði á vormisseri 1/3.
 - Mat kennara á vinnubrögðum nemandans við heimanám, skriflegri framsetningu stærðfræðinnar og stærðfræðilegu innsæi 1/3.

- **Jólapróf** er tvö 90 mínútna próf og er annað þeirra fræðilegt.
- **Stúdentspróf** að vori er tekið úr öllu námsefni 4., 5. og 6. bekkjar. Fræðilega prófið er munnlegt og er gefin sérstök einkunn fyrir það. Hitt er sex klukkustunda skriflegt próf en er skipt í tvo hluta sem fara fram á tveimur dögum. Er fyrri hluti þess sameiginlegur eðlisfræðideildum I og II og náttúrufræðideild I. Stúdentsprófseinkunnir eru tvær.